

1874.

19. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um yfirgang enskra fiskimanna.

Útaf því, að kvartað er yfir, að enskir fiskimenn hafi brotið gegn tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., í Suðurmúla sýslu í norður og austurumdæmi Íslands, hefir landshöfðinginn leidd athygli stjórnarráðsins að því, að það væri æskilegt, að hið danska herskip, sem hefir stöðvar við Ísland, sè látið dvelja um nokkra hríð í Austfjörðum einhvern tíma í ágústm. hvers árs, til þess að hafa gætur á fyrnefndum enskum fiskimönnum, og með því dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti verður að álíta, að með þessu móti verði helzt komið í veg fyrir slíkan yfirgang, verðum vèr mjög að mæla með því, að sjóliðsstjórnin gjöri þessa ráðstöfun, og skal þess jafnframt getið, að það mun nægja, til þess að ná tilganginum, að herskipið taki stöðvar við Austfjörðu 2 eða 3 vikur í ágúst og septbrm., áður en það fer burt frá Íslandi.

Um það, sem afráðið verður útaf þessu, mælumst vèr til að fá skýrslu.¹

26. febrúar.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að bæjarfógetaembættið í Reykjavík skuli sameinað við Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 8. dag desemberm. f. á., hefir hans hátígn konunginum,

¹) Í bréfi 24. febrúar svaraði sjóliðsstjórnin þessu á þá leið, að hún væri fús til þess að verða við áskorun dómsmálastjórnarinnar, að svo miklu leyti, sem unnt væri, með því ferð skipsins væri bundin við 5½ mánuð, en það færi hëðan í öndverðum apríl, og yrði því að hverfa frá Íslandi við lok ágústm., til þess að komast heim í tækan tíma; vegna þessa gæti viðstaða skipsins við Austfjörðu að eins átt sèr stað í ágúst, en eigi í septbr.